**Nd. 750. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi" í lögum nr. 52 28. nóv. 1919 kemur: með tveim stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Aftan við orðin „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal" í 1. gr. laga nr. 38 14. júní 1929 kemur: með hliðarálmu um Rangá að Heykollsstöðum.

Í stað orðanna „frá Sandeyri .... að Höfða í Grunnavíkurhreppi" í sömu lagagrein kemur: frá Sandeyri um Stað í Grunnavík að Hesteyri, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.

Í stað orðanna „Lína frá Egilsstöðum .... að Birnufelli" í niðurlagi sömu lagagreinar kemur: Lína frá Egilsstöðum á Völlum að Skeggjastöðum í Fellum.

Aftan við sömu lagagrein bætist:

Lína að Valþjófsstað í Fljótsdal. Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum. Lína frá Hólum í Hornafirði að Syðra-Firði, með hliðarálmu að Horni. Lína frá Bjarnanesi að Hoffelli. Lína frá Brunnhól að Flatey. Lína frá Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit. Lína frá Hveragerði að Hjalla í Ölfusi. Lína frá Hálsi í Kjós að Fossá. Lína frá Stóra-Kroppi að Hæli í Flókadal. Lína frá Svignaskarði að Hjarðarholti í Stafholtstungum. Lína frá Ólafsvík að Brimilsvöllum. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal að Hlíð eða Seljalandi. Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ að Staðarhóli. Lína frá Kinnarstöðum að Reykhólum og þaðan að Stað á Reykjanesi. Lína frá Vattarnesi í Múlahreppi að Skálmarnesmúla. Lína frá Bíldudal að Dufansdal í Suðurfjarðahreppi. Lína frá Sveinseyri í Tálknafirði að Suðureyri. Lína frá Breiðavík til Kollsvíkur. Lína norður Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum. Lína um Blönduhlíð og Viðvíkursveit. Lína frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka. Lína frá Skinnastað að Austaralandi og lína frá Skinnastað um Kelduhverfi að Víkingavatni. Lína frá Leirhöfn um Blikalón til Raufarhafnar, enda verði lögð niður núverandi lína frá Kópaskeri til Raufarhafnar.